

FW: Erindi til bæjarstjórnar

Til : Gunnar Einarsson;Hildur Benediktsdóttir
Frá : Þórunn Hulda Sigurðardóttir
Heiti : FW: Erindi til bæjarstjórnar
Málsnúmer : 1508354
Málsaðili : Elísabet Halldórsdóttir
Skráð dags : 25.08.2015 08:30:55
Höfundur : Elísabet Halldórsdóttir

From: Elísabet Halldórsdóttir [mailto:elisabet@icelandair.is]
Sent: 24. ágúst 2015 18:37
To: Garðabær
Subject: Erindi til bæjarstjórnar

Góðan daginn

Ég sendi hér með eftirfarandi erindi til bæjarstjórnar

Ég vildi senda ykkur beiðni til skoðunar um að setja upp eftirlitsmyndavélar inn í Garðabæ. Ég er íbúi í Bjarkarási í Garðabæ og urðum við fyrir því að einhverjir menn sem höfðu greinilega setið við drykkju eða annað hér í nágrenninu hentu steini í gegnum svefnherbergisgluggann hjá okkur. Þetta átti sér stað aðfaranótt föstudagsins 14. ágúst um kl. 03:30. Við kölluðum til lögreglu og reyndum að ná mönnunum sem við sáum ráfa hér niður göngustíginn sem að liggur í gegnum hverfið í átt að hrauninu. Því miður misstum við af þeim og lögreglan náði þeim heldur ekki. Ýmsar lýsingar hafa komið frá íbúum t.d. lýsing á bíl sem pikkaði þá upp og blaðberi sá menn sem lýsing gat átt við stefna niður í Grundir / Akrahverfið.

Því miður hefur ekkert til þeirra spurst en mjög óþægilegt er að vakna upp við svona nokkuð. Ef screen gluggatjöld hefðu ekki verið uppi hefði steinninn lent inni í rúmi hjá okkur. Lítil börn sem voru hjá okkur þessa nótt í heimsókn vögnuðu og hefur annað þeirra ekki geta sofnað eitt eftir þessa uppákomu.

Því spyr ég hvort möguleiki sé á að setja þar sem komið er inn í bæinn eftirlitsmyndavélar sem fylgjast með umferð og þá sérstaklega yfir nóttina. Slíkur búnaður hefði hugsanlega getað leyst þetta mál hjá okkur og við náð á þessa menn.

M.t.t. fréttu frá í gær (http://www.mbl.is/frettir/innlent/2015/08/24/rasarmadurinn_fundinn/) þar sem í annað skipti á nokkrum árum var ráðist inn á heimili fólks þá gæti svona eftirlit aukið öryggi fólks í bænum

Vona að vel sé tekið í þetta erindi og hugsanlega einhverjar lausnir skoðaðar.

Kær kveðja/Best regards
ELÍSABET HALLDÓRSDÓTTIR

Fyrirvari um tölvupóstsendingar